

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-10/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á sjónvarpstæki hjá Y. Álitsbeiðandi segir sjónvarpstækið vera gallað og vill að seljandi leggi honum til nýtt sambærilegt sjónvarpstæki.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 28. febrúar sl., og var honum gefinn frestur til að skila andsvörum til 11. mars sl. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 31. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Þegar seljanda barst það bréf kvaðst hann ekki hafa fengið bréf nefndarinnar frá 28. febrúar og óskaði eftir fresti til að skila andsvörum sem honum var veittur munnlega. Þegar andsvörin bárust ekki ritaði kæruneftndin seljanda bréf, dags. 22. apríl, og gaf seljanda frest til þess að skila andsvörum til 28. apríl. Seljandi kvaðst hafa sent andsvörin 16. apríl í pósti en nefndinni bárust þau ekki. Seljandi skilaði síðan andsvörunum 23. apríl. Álitsbeiðanda var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin með bréfi nefndarinnar, dags. 25. apríl, og fékk hann frest til þess til 6. maí sl. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi dags. 13. maí sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt gögnum málsins keypti álitsbeiðandi sjónvarpstæki af gerðinni A 19. maí 2005 hjá Y, fyrir kr. 119.998. Samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda bilaði sjónvarpstækið eftir tvö ár og sjö mánuði. Í vottorði fyrirtækisins Z dags. 25. febrúar sl., segir að móðurborð sjónvarpsins virðist bilað en ekki fáist örugg víska fyrir því nema að setja í tækið nýtt móðurborð. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa sagt sér að ekki fengjust varahlutir í tækið og hafi hann ekki verið tilbúinn til að gera neitt nema bjóða 20% afslátt af nýju tæki.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi vísar kröfum álitsbeiðanda á bug. Í fyrsta lagi vegna þess að ábyrgð á sjónvarpstækinu hafi verið tvö ár samkvæmt neytendakaupalögum. Í öðru lagi vegna þess að fyrirtækið Z hafi greint bilunina á sjónvarpinu en það fyrirtæki hafi ekki samning við framleiðanda sjónvarpstækisins um ábyrgðarviðgerðir. Þá segist seljandi hafa boðið álitsbeiðanda 20% afslátt af nýju tæki sem hann hafi hafnað.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Óumdeilt er að sjónvarpstæki álitsbeiðanda bilaði eftir tveggja ára og sjö mánaða notkun. Samkvæmt vottorði fyrirtækisins Z eru líkur á að móðurborð tækisins hafi bilað. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðanda hafi verið sagt að ekki fengjust varahlutir í tækið og seljandi hafi ekki viljað koma til móts við kröfur álitsbeiðanda að öðru leyti en því að bjóða honum 20% afslátt af kaupverði nýs tækis. Álitsbeiðandi vill hins vegar að seljandi leggi honum til nýtt sams konar sjónvarpstæki og hann keypti.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“

Í því tilviki sem hér um ræðir verður að telja að fyrir liggja að sjónvarp það sem álitsbeiðandi keypti hafi ekki enst lengur en í tvö ár og sjö mánuði, þ.e. tækið varð eiganda sínum ónýtt að þeim tíma liðnum. Það er álit kærunefndarinnar að sjónvarpstækið hafi því verið gallað í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003.

Í 27. grein laga nr. 48/2003 er kveðið á um tilkynningarskyldu kaupanda til seljanda þegar hann telur sig hafa keypt gallaða vöru. Segir þar í 2. mgr. að leggi neytandi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá því að hlutnum var veitt viðtaka geti hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Sé söluhlutur, eða hlutum hans, ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti sé frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.

Ekki betur séð en seljanda hafi verið tilkynnt um bilun á sjónvarpinu fljótlega eftir að hennar varð vart. Eðlilegur endingartími sjónvarps getur verið mismunandi eftir tegundum og einnig eftir því hværrar gerðar sömu tegundar sjónvarpið er. Verð það sem álitsbeiðandi greiddi fyrir sjónvarpið á sínum tíma bendir til þess að um u.þ.b. meðaldýrt sjónvarp hafi verið að ræða en ekki liggja þó fyrir sérstakar upplýsingar um það. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími sjónvarpa er það álit kærunefndarinnar að kaupandi megi búast við því að sjónvarp þeirrar gerðar sem hér um ræðir endist lengur en raunin varð og því hafi álitsbeiðandi ekki glatað rétti til þess að bera fyrir sig gallann enda þótt hans yrði ekki vart fyrr en á þriðja ári frá því að kaupin fóru fram. Verður að hafa í huga að hér var ekki um að ræða bilun sem leitt hefur verið í ljós að tækt hafi verið að gera við, a.m.k. bauð seljandi álitsbeiðanda ekki að gert yrði við sjónvarpstækið. Seljandi færir það fram sem röksemd fyrir því að hafna kröfum álitsbeiðanda að fyrirtækið sem rannsakaði hver var bilunin í sjónvarpinu hafi ekki samning við framleiðanda um ábyrgðarviðgerðir. Kærunefndin álitur að seljandi hefði þá átt að tjá álitsbeiðanda það strax, sem hann virðist ekki hafa gert, og óska eftir því að fá tækið til að láta greina bilunina hjá aðila sem honum var þóknanlegur. Það gerði seljandi ekki heldur bauð álitsbeiðanda einungis að kaupa nýtt tæki með 20% afslætti í stað þess

sem bilað var. Við þetta bætist að kærunefndin fær ekki séð að samkvæmt neytendakaupalögum skipti það máli hver það er sem greinir galla á söluhlut, þar sem seljandi hefur undir venjulegum kringumstæðum möguleika á að greina sjálfur eða láta greina hvort um galla er að ræða vantageisti hann álit annarra. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2003 þar sem segir að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem séu neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum.

Kærunefndin álitur, samkvæmt því sem fyrr er rakið, að byggja verði á því að sjónvarpstæki álitsbeiðanda sé honum ónýtt.

Í VI. kafla laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Í 1. mgr. 29. gr. laganna segir að neytandi geti valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar, en það hefur álitsbeiðandi gert. Það á þó ekki við sé fyrir hendi hindrun sem seljandi ræður ekki við eða hafi það í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda.

Sem fyrr segir bauð seljandi álitsbeiðanda að kaupa nýtt sjónvarpstæki með 20% afslætti. Verður af því að draga þá ályktun að seljanda sé tækt að afhenda nýtt sams konar tæki, þótt ekki sé það víst. Með tilvísun til 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003, sem að framan er rakin, er það niðurstaða kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á því að Z, afhendi honum nýtt sjónvarpstæki sömu gerðar og hann keypti, þ.e. A, eða þá annað tæki sambærilegt sé sams konar tæki ófánlegt.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu kærunefndarinnar er álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum og seljanda skylt að leggja honum til nýtt tæki. Í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 segir að þegar kaupum sé rift skuli neytandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af söluhlutum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af hlutum. Álitsbeiðandi notaði sjónvarpstæki sitt í tvö ár og sjö mánuði og verða það að teljast veruleg not af tækinu. Það er álit kærunefndarinnar að hæfileg greiðsla fyrir notin sé kr. 40.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýtt sjónvarpstæki af gerðinni A eða þá annað tæki sambærilegt sé sams konar tæki ófánlegt.

Álitsbeiðandi greiði seljanda kr. 40.000 fyrir not af því sjónvarpstæki sem hann keypti þegar nýtt sjónvarp hefur verið afhent honum.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

